

Brjef stjórnarráðsins til biskups um leyfi til upptöku heimilisgrafreita.

117

Eins og yður, háæruverðugi herra, er kunnugt, eru umsóknir um leyfi til upptöku heimilisgrafreita á síðari árum orðnar mjög tíðar. Þarsem nú stjórnarráðið verður að vera yður sammála að um heimagrafreitsupptökur sju óheppilegar bæði frá kirkjulegu og almennu sjónarmiði, skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir próföstum landsins, að menn mega framvegis ekki búast við að fá leyfi til að taka upp heimilsgrafreit, nema alveg sjerstakar ástæður sju fyrir hendi.

118

15. nóv.

Reglugjörð um starfrækslu símasambanda.

A. Almenn ákvæði.

Notkun símans.

1. gr.

a. Allir geta fengið að nota símasambönd landsins, þó hefir stjórnarráðið rjett til að láta hætta símskeytasendingum og simtölum um skemri eða lengri tíma á öllum eða einstökum línun, alveg eða að nokkru leyti, þegar nauðsynlegt þykir vegna heilla landsins.

b. Símastjórnin hefur rjett til að hafna eða hamla sjerhverju einkaskeyti sem kann að þykja hættulegt fyrir öryggi landsins eða verður að efni til álitíð koma í bága við landslög, almennar reglur og siðgæði. Um það hvort efni símskeytis sje þess eðlis eða ekki, úrskurðar gæslustöðvarstjóri sá, er sendi- eða viðtökustöð heyrir undir. Þó getur sendandi skotið máli sínu til landssímastjórans. Stjórnarskeyti má ekki stöðva.

2. gr.

Þagnarskylda.

a. Sjerhver starfsmaður landssímans er samkvæmt lögum 20. október 1905 um rit- og talsíma skyldugur til að halda leyndu efni símskeyta og simtala og nöfnum þeirra er símann nota. Skuldbinding þessi gildir einnig eftir að hlut- aðeigandi er farinn úr þjónustu landssímans.

Fyrir brot á þessu skal hegnt með brottrekstri og sektum eða einföldu fangelsi og ef gert er af ásettu ráði með fangelsi, eða ef miklar sakir eru, með betrunarhúsvinnu.

b. Sá, sem af ásettu ráði eyðileggur, tefur, eða breytir skeyti, eða visvitandi hjálpar öðrum til þess sama, skal sæta hegningu samkvæmt 139. gr. sbr. 34. og 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.